

Ombl. 33.38

Rauðu norðurljósin

Ovenju skemtileg voru þau þessi norðurljós, sem sáust suður um alla Evrópu og fengu menn alstaðar til að horfa til himins meira en vant er, og þó sumstaðar með ugg og ótta. Í brjefi til ritstjóra í Lundúnum, sem jeg hefi dálítið samband við, sagði jeg að tákn þessi á himni mætti skoða sem tilraun frá hærri stöðum til að vekja eftirtekt á ljósinu úr norðri og taka undir með hinum ágæta Adam Rutherford, sem meira lof hefir ritað um Reykjavík en nokkur maður annar, þar sem hann kallar hana sjerstaklega ljóssins borg. En enginn getur efast um, að rjett sje að setja norðurljósin í samband við hærri staði, þar sem vísindamenn telja nú víst, að þau sje að rekja til áhrifa frá sólinni. Og er fróðlegt til þess að hugsa, hversu margt er nú vitað um áhrif hingað til vor frá sól og stjörnum, sem einu sinni var öllum hulið. En eðlilegur framvöxtur þeirrar þekkingar, sem fengist hefir, er sú viðbót að vita, að einnig líf-áhrifa kennir frá stjörnugeimnum hingað til jarðarinnar, og að afleiðingar þeirra áhrifa geta orð

ið hinar stórkostlegustu, geta jafnvel orðið til að bjarga mannkyninu, sem svo augljóslega er nú á leiðinni til glötunar. Og það er einmitt í þessu efni sem ljósið úr norðri ber þá birtu, sem duga mun, og svo fagurlega hefir verið fyrir spáð, og nú síðast og best af Adam Rutherford, eins og vikið var á. En skemtileg er einnig spá Balzacs, sem af fróðum mönn um mun talinn vera það sögu-skáld, er með Frökkum hafi ritað af mestri andagift. Eftir honum er það haft, að „í annað sinn mun ljósið koma úr norðri“. En áður mun hann telja, að ljós úr norðri hafi öllu mannkyni skinið í ritum Swedenborgs, sem nú fyrir nokkrum dögum (29. jan.) átti 250 ára afmæli. Býst jeg við, að þess hafi víða minst verið, þó að þessi andans þjóðhetja Svíanna sje tæpast fullkomlega metin að verðleikum ennþá.

9. febrúar.

Helgi Pjeturs.

E. S. Hin svo óvanalegu litu og óvanalega víðsæju norðurljós ljeku á lofti svo nálægt þessum afmælisdegi Swedenborgs, að segja mætti, að þar hefði minst verið á himni merkisdags þess manns, sem svo margt hefir um himnana ritað merkilegar en áður hafði gert verið. **H. P.**